Tillaga Á – lista um breytingu/viðbót á reglum um íþróttamann ársins:

4. grein – Ungmennaverðlaun ársins

Auk kjörs á íþróttamanni ársins skal veita ungmennaverðlaun ársins fyrir framúrskarandi árangur. Verðlaunin eru veitt ungmennum á aldrinum 13 til 18 ára annars vegar í flokki karla og hins vegar í flokki kvenna. Um tilnefningar og mat á árangri ungmenna gilda að öðru leyti sömu reglur og um aðra flokka eftir því sem við á. Sami einstaklingur getur ekki orðið Íþróttamaður eða Íþróttakona ársins og hlotið Ungmennaverðlaun ársins.